

Sendiherraverkefnið í Breiðholti



Sendiherraverkefnið er samfélagsverkefni mismunandi mál-, menningar- og/eða þjóðfélagshópa og þjónustumiðstöðvar Breiðholts. Í sendiherraverkefninu er lögð áhersla á virka lýðræðislega þátttöku íbúa af erlendum uppruna, bætt upplýsingaflæði og tengsl innan hverfissamfélagsins og þá sérstaklega milli íbúa af erlendum uppruna og starfsmanna þjónustumiðstöðvar Breiðholts. Fólk af margskonar þjóðernum er stór hluti íbúa í Breiðholti. Upplýsingamiðlun til þessara íbúa í nær umhverfinu er mjög mikilvæg m.a. til að fólkið upplifi sig sem virka og viðurkennda þátttakendur í samfélaginu í Breiðholti. Inngilding (e.inclusion) er mikilvægt hugtak sem við sem samfélag og opinberir aðilar eins og þjónustumiðstöð Breiðholts þurfum að hafa í heiðri. Sendiherraverkefnið er ein leið í þeirri viðleitni.

Markmið sendiherraverkefnisins eru:

- Að skapa vettvang fyrir samstarf íbúa af erlendum uppruna í Breiðholti við starfsfólks þjónustumiðstöðvar Breiðholts.
- Að bæta upplýsingaflæði um þjónustu og samfélagsþróun til íbúa af erlendum uppruna í hverfinu Breiðholti.
- Að skapa vettvang fyrir íbúa af erlendum uppruna í Breiðholti til að koma skoðunum sínum og hugmyndum á framfæri.

Hverjir eru sendiherrar?

Sendiherrarnir geta verið einstaklingar á öllum aldri af erlendum uppruna sem búa í Breiðholti eða annarsstaðar í borginni. Þeir þurfa að hafa sterk tengsl innan sinna menningar-, tungumála og/eða þjóðernishópa og að vera tilbúnir til að vinna að samkvæmt markmiðum verkefnisins. Stefnt er að því að sendiherrarnir verði að jafnaði átta til tíu og séu hver og einn fulltrúi ólíkra menningar- og tungumálahópa og/eða þjóðernis í Breiðholti.

Hlutverk sendiherra

Sendiherrarnir gegna hlutverki nokkurskonar brúarsmiða sem miðla upplýsingum, veita rágjöf og hafa samráð við samlanda sína á viðeigandi tungumáli. Þeir leita einnig áhlits og skoðana frá sínum hópum og miðla til starfsfólks þjónustumiðstöðvar Breiðholts og einnig geta aðilar í hverfinu leitað til þeirra. Sendiherrarnir skipuleggja kynningar með starfsfólki þjónustumiðstöðvar Breiðholts sem tengjast hverfisþróun og/eða þjónustu fyrir ólíkum mál- og menninga hópum. Sendiherrarnir hafa greiðan aðgang að hverfistjóra, starfsfólki og ýmsum öðrum stofnunum og félögum sem fara með hlutverk hvað varðar þjónustu og hverfisþróun í Breiðholti. Sendiherrarnir hittast allir saman á mánaðarlegum fundum með verkefnisstjóra þjónustumiðstöðvar Breiðholts þar sem reynslu og hugmyndum er miðlað.

Sendiherrar eru nú virkir fyrir eftirtalda hópa:

Albönsku mælandi,
Arabísku mælandi,
Tælensku mælandi,
Spænsku mælandi,
Pólsku mælandi
Rúmensku mælandi,
Afríska upprúna,

Unnið er að því að fá sendiherra fyrir Filipseyinga, Litháa og Víetnama.